



4. fundur stjórnar SSA haldinn 27. nóvember

Fundurinn hófst kl. 12:30 með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Fundarstaður var svo á Vonarlandi, Tjarnarbraut 39e á Egilsstöðum. Mættir voru: Margrét Guðjónsdóttir, Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson og Andrés Skúlason sem mætti fyrir hönd Djúpavogshrepps í forföllum aðalmanns og varamanns.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Inn á fundinn komu Hafliði Hafliðason undir lið 2.6, Anna Dóra Helgadóttir undir lið 3.2 og Hilmar Gunnlaugsson undir lið 6.2. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

Fundargerðir

1. Fundargerð 3. fundar stjórnar, 22. október 2014, sem og 1. fundar framkvæmdaráðs SSA þ. 5. nóvember lagðar fram. Samþykktar samhljóða.
2. Fundargerðir frá SIS nr. 821 og SASS, nr. 484 og 487, kynntar. Rætt um aðkomu fulltrúa NA-kjördæmis að fundum stjórnar SSA. Samþykkt að boða hann á fund stjórnar til að fylgja eftir málefnum landshlutans.
3. Fundargerð 119. fundar HAUST kynnt.

Stjórn SSA tekur undir ályktun Haust um að skora á ráðherra að beita sér fyrir því að nýta þær heimildir sem eru í lögum til að fela heilbrigðisnefndum eftirlitsverkefni fyrir þeirra hönd, enda sé fyrir hendi fagþekking og mannaflí, ásamt því að beita sér fyrir breytingum á reglugerðum og lögum til þess að slíkt sé mögulegt á sem flestum sviðum. Enda má með margvíslegum rökum sýna fram á jákvæð byggðaaáhrif af slíkum tilfærslum verkefna. SSA telur þau vinnubrögð forkastanleg að færa til ríkisstofnana verkefni sem unnin hafa verið með góðum árangri og af fagmennsku í nærsamfélagi sveitarfélaga á Austurlandi. Slík vinnubrögð grafa undan starfi heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni, það er krafa stjórnar SSA að þessi vinnubrögð verði endurskoðuð. Verkefnastjóra falið að senda bókun til ráðherra og þingmanna kjördæmisins.

4. Drög að nýjum samningi um sóknaráætlun 2015-2020

1. Ný drög að samningi (breytingartillaga við fyrri drög). Verkefnastjóri kynnti stöðu mála.
2. Umsagnir SSA og breytingartillaga við fyrri drög. Farið yfir umsagnir sem unnar hafa verið í samtarfi við starfsmenn Austurbrúar.
3. Ályktun Menningarráðs Austurlands um drög að samningi um sóknaráætlun kynnt.
4. Staða samninga um menningarmiðstöðvar og NA-verkefni. Verkefnastjóri sagði frá fundi, sem hann og formaður sátu í mennta- og menningarmálaráðuneyti, þar sem fram kom að þessi verkefni yrðu að líkindum fyrir utan samninginn eða sem viðauki.
5. Skipulag vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar landshlutans. Umræða um tímamörk og ábyrgð SSA í málinu m.v. samningsdrögin.
6. Val áhersluverkefna – tillögur til umræðu.

- Svæðisskipulag. Lögð fram gögn frá Austurbrú um málið. Samþykkt að óska eftir kynningu í framhaldi af undirritun samnings um sóknaráætlun.
- Orkunýtni. Lögð fram gögn um NPA umsókn sem Austurbrú á hlut að. **Hafliði Hafliðason** sagði frá reynslu sinni af samstarfi við „leading partners“ í umsókninni. SSA mun skoða verkefnið frekar hljóti það brautargengi.
- Stofn- og rekstrarstyrkir menningarsamninga.
- Fleiri möguleikar tíundaðir.

5. Samstarf SSA við Austurbrú og innri mál SSA

1. Drög að samstarfssamningi og starfslýsingu verkefnastjóra lögð fram. SBI kynnti drögin. Verkefnastjóra falið að gera minniháttar lagfæringar á drögum og formanni falið að ganga frá honum og undirritun.
2. Fjármál. **Anna Dóra Helgadóttir**, fjármálastjóri Austurbrúar kynnti 9 mánaða uppgjör og endurskoðaða áætlun fyrir 2014. Verkefnisstjóra falið að kanna sk. Hornafjarðargreiðslur, hækkun reikningsskila og endurskoðunar. Formaður reifaði að endurskoða þyrfti fyrirkomulag aðalfunda, m.a. með tilliti til kostnaðar. Ályktun Menningarráðs Austurlands um varðveislu fjármagns kynnt.
3. Formaður kynnti stöðu á vinnu starfshóps um breytingar á samþykktum SSA (frá 2013). Stefnt verði að því að taka málið aftur upp á vettvangi stjórnar í upphafi nýs árs og búa það til kynningar á næsta aðalfundi.
4. Starfsreglur stjórnar - umræður. Lögð fram drög að starfsreglum. Framkvæmdaráði falið að klára málið.
5. Ferill við tilnefningar – umræður. Óskað verði eftir tilnefningum frá stjórn en framkvæmdaráði úrskurði.
6. Tillaga um fasta samráðsfundir með stjórnarformanni, framkvæmda- og fjármálastjóra Austurbrúar. Formanni falið að koma þessum fundum á, t.d. á tveggja mánaða fresti.

6. Tilnefningar í samgöngunefnd

1. Listi með tilnefningum sveitarfélaga lagður fram til samþykkis. Samþykkt samhljóða.

7. Óskir um umsagnir og umsagnir/ályktanir sem borist hafa.

1. Þingmál – staða umsagna. BB fór yfir stöðu umsagna.
 - frumvarp til laga um framhaldsskóla
 - áætlun um vernd og nýtingu landsvæða
 - Úrskurðarnefnd velferðarmála
 - umsögn um talningarsvæði
 - breytingar á skólum er varða frístundaheimili
 - Sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu
 - Breyting á raforkulögum
 - Stefna stjórnvalda um lagningu raflína
 - Um tekjustofna sveitarfélaga
 - Millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll
 - Millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll
 - Flutningur Landhelgisgæslunnar til Reykjaness

- Kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum
 - Bætt hljóðvist í kennsluhúsnæði
2. Lögð fram umsögn um vegamál frá SIS til kynningar.
 3. Lagðar fram ályktanir frá sveitarstjórn Vopnafjarðar, Héraðs- og Austurlandsskógum og FAUST til kynningar.
 4. Kynnt ýmis erindi sem borist hafa SSA: Stöðugreining Austurlands, sameiginleg yfirlýsing nokkurra landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga um millilandaflug. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir stöðugreininguna og senda athugasemdir til Byggðastofnunar ef ástæða þykir til.
 5. Kynnt hugmynd Byggðastofnunar um framhald verkefnisins *Brothættar byggðir* og ráðningu verkefnisstjóri. Lögð fram drög að samningi vegna Breiðdalsvíkur og drög að starfslýsingu verkefnastjóra. Formanni og verkefnastjóra falið að fylgja málinu eftir í samráði við Breiðdalsvík.

8. Önnur mál

1. Skipan fulltrúa Fjarðabyggðar í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs í stað Jens Garðars Helgasonar sem hefur óskað eftir því að víkja úr stjórn. Valdimar O. Hermannsson skipaður í stað Jens Garðar Helgasonar. Samþykkt samhljóða.
2. Staða í máli Sternu gegn SSA. Formaður sagði frá óformlegum fundi með forsvarsmönnum Sternu. **Hilmar Gunnlaugsson** kom inn á fundinn og greindi frá nýjustu tíðindum af málinu og næstu skrefum. Formanni falið að fylgja málinu eftir.
3. Beiðni um styrk frá N4 (Gísli Sigurgeirssyni) – „Glettur“. Samþykkt af hálfu stjórnar og formanni falið að klára málið.
4. Jón Björn Hákonarson bar upp beiðni frá framkvæmdastjórn HSA að funda einu sinni á ári með stjórn SSA. Stjórn tekur undir að slíkir fundir séu mikilvægir. Formaður og verkefnastjóri munu hafa samband við framkvæmdastjóra HSA og óska eftir fundi.
5. Jón Björn Hákonarson bar upp tillögu að ályktun um embætti sýslumanns. **Stjórn SSA ítrekar við stjórnvöld að tryggð verði nægt fjármagn við sameiningu sýslumannsembættanna á Austurlandi til hægt sé að bjóða þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita og kynnt hafði verið að ætti að styrkja. Austurland getur ekki búið við það ástand sem nú blasir við í ljósi nýrra fjárlaga.** Samþykkt samhljóða.
6. **Rætt um fjárlagafrumvarp 2015. Eftirfarandi bókun gerð í framhaldi af þeirri umræðu:**
Stjórn SSA lýsir þungum áhyggjum af því misræmi sem alltof oft birtist í úthlutunum til verkefna og samninga á vegum ríkisins gagnvart Austurlandi í samanburði við aðra landshluta. Skorað er á þingmenn að beita sér fyrir því að rétta hlut landshlutans. Samþykkt samhljóða.

Ákveðið var að framkvæmdaráð myndi funda í desember og stjórn ef þörf krefur, ella í janúar. Fundi slitið kl. 17:20.



Egilsstöðum, 27. nóvember 2014

Sigrún Blöndal

Andrés Skúlason

Gunnar Jónsson

Hákon Hansson

Jón Björn Hákonarson

Stefán Grímur Rafnsson

Margrét Guðjónsdóttir